



Borgarstjórn Reykjavíkur

**Tillaga um forgang barna á leikskólanum Hlíð í leikskólann Klambra og aðra leikskóla þar sem mögulegt er**

Á 243. fundi skóla- og frístundaráðs sem fram fór 19. desember 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. desember 2022:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að vegna húsnæðismála leikskólans Hlíðar við Engilhlíð verði heimilað að bjóða foreldrum með börn á leikskólanum Hlíð forgang fram yfir aðra á forgangslista í leikskólann Klambra eða aðra leikskóla þar sem mögulegt er. Forgangurinn eigi við um 10 börn foreldra sem óska eftir flutningi, elstu börnin fyrst. Forgangurinn eigi eingöngu við um flutning frá Hlíð í eitt skipti.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og henni vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans í skóla- og frístundaráði telja mikilvægt að börn sem stundað hafa nám í leikskólanum Hlíð geti komist fljótt og örugglega inn á annan leikskóla. Tillaga skóla- og frístundasviðs er viðleitni við þeirri stöðu sem er uppi þannig að hægt sé að tryggja samfellu í leikskólastarfi barnanna.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Ljóst er að mikið úrræðaleysi er hvað varðar húsnæðisvanda þeirra leikskóla þar sem rakaskemmdir og mygla hafa komið upp. Það alvarlega ástand sem við blasir vegna ástands leikskólahúsnæðis er þörf á skýrri stefnumörkun og neyðaráætlun sem fylgi fjármagn.

Virðingarfyllst,

Helgi Grímsson  
sviðsstjóri  
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 19. desember 2022  
SFS22120101

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

***Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi flutningsumsóknir foreldra barna í leikskólanum Hlíð***

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að vegna húsnæðismála leikskólans Hlíð við Engilhlíð verði heimilað að bjóða foreldrum með börn á leikskólanum Hlíð forgang fram yfir aðra á forgangslista í leikskólann Klambra eða aðra leikskóla þar sem mögulegt er. Forgangurinn eigi við um 10 börn foreldra sem óska eftir flutningi, elstu börnin fyrst. Forgangurinn eigi eingöngu við um flutning frá Hlíð í eitt skipti.

**Greinargerð:**

Í október 2022 kom í ljós að hætta þurfti notkun hluta húsnæðis leikskólans Hlíðar, sem gengur undir nafninu Stóra Hlíð, að Engihlíð 6 – 8 vegna myglu sem fannst í kjallara eins hússins.

Vegna framkvæmdanna er leikskólinn nú í þremur húsum – í litlu Hlíð við Eskihlíð, gömlu Brákarborg við Brákarsund 1 og í leikskólanum Klömbrum við Háteigsveg. 97 börn eru með vistun í leikskólanum.

Á milli jóla og nýárs er áætlað að flytja 65 börn sem eru í Brákarborg og í Klömbrum yfir í Safamýri 5, sem er leikskólahúsnæði sem hefur verið notað fyrir leikskóla í tímabundnum húsnæðisvanda.

Pláss er fyrir 55 börn í Safamýri. Á sama tíma þarf starfsfólk Hlíðar sem er að sinna börnum í Klömbrum að flytja sig yfir í Safamýri og áætlað var að börnin sem eru á vegum Hlíðar í Klömbrum kæmu með. En vegna hámarksfjölda barna upp á 55 börn í Safamýri komast ekki öll börnin sem hafa verið í Brákarborg og Klömbrum fyrir í Safamýri.

Til að leysa málið er óskað eftir því að 10 börn úr Hlíð fái forgang umfram önnur börn á biðlista og önnur börn í forgangi, frá Hlíð yfir í leikskólann Klambra.

Með því að koma því til leiðar að tíu börn færast yfir á leikskólann Klambra verður fjöldi barna í Safamýrarskóla orðinn ásættanlegur.

Lagt er til að 5. gr. reglna skóla- og frístundasviðs eigi ekki við í þessu tilviki og veitt verði undanþága frá reglunni um gagnkvæman uppsagnarfrest með minnst eins mánaðar fyrirvara.

Tekið er fram að aðrar lausnir um húsnæði hafa ekki gengið eftir og því ekki kostur á að færa starfsemina annað.

Í 4. gr. reglna skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu er kveðið á um í hvaða tilfellum unnt er að óska eftir forgangi fyrir barn á leikskóla en þar er ekki kveðið á um forgang í tilfellum sem þessum.

Það er mat sviðsstjóra að aðstæður í máli þessu séu með þeim hætti að þær réttlæti að forgangur vegna flutnings verði veittur enda ekki aðrar lausnir í sjónmáli.